

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/628*  
*komudagur 17.12.2004*



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

VÍSINDASIÐANEFND

Vegmúla 3, 108 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444

netfang: visindasidanefnd@vsn.stjr.is

Reykjavík 9. desember 2004

Tilvísun: VSNb2004110051/04-1 FS- Fyrirspurnir - innlendar/erlendar/OYA/--

**Varðar: FS-04-066: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna til rannsókna og lækninga (131. löggjafarþing, þskj.53)**

Vísindasiðanefnd hefur borist beiðni frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis um umsögn vegna ofangreindrar þingsályktunartillögu. Í tillögunni er ályktað "að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísu manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Vísindasiðanefnd er meðal þeirra aðila sem lagt er til að skipi fulltrúa í nefndina."

Vísindasiðanefnd fagnar þessari tillögu og lýsir yfir stuðningi við að slík nefnd verði stofnuð. Vísindasiðanefnd lýsir yfir vilja sínum til að tilnefna fulltrúa í nefnd sem þessa og vonar að þingsályktunartillagan hljóti brautargengi til að hún geti tekið til starfa sem fyrst.

Rannsóknir á stofnfrumum fósturvísa hafa verið mjög til umræðu undanfarin misseri og ljóst að skoðanir eru skiptar um hvort æskilegra sé að leyfa slíkar rannsóknir með ákveðnum takmörkunum eða hafna þeim alfarið. Lög um tæknifrvögun, nr. 55/1996, eru komin til ára sinna og þarfnast endurskoðunar við, en í þeim er að finna einu tilvísunina í íslenskri lagasetningu um rannsóknir á fósturvísu og þar með stofnfrumum úr fósturvísu.

Vísindasiðanefnd bendir ennfremur á að Norræna vísindasiðanefndin hefur tekið saman yfirlit um lagasetningu á sviði líftækni (sjá <http://www.ncbi.org/BIO.pdf>) og einnig fjallað sérstaklega um rannsóknir á stofnfrumum (sjá <http://www.ncbi.org/Stemcell>). Mikilvægt er að kynna sér löggjöf og rannsóknarumhverfi í nágrannalöndum okkar, en nefnd sem sú sem lagt er til að verði stofnuð væri vel til slíkrar könnunar fallin.

Með kveðju,  
f.h. Vísindasiðanefndar,

  
Björn Guðbjörnsson, formaður